

## **Ályktun ársfundar retrieverdeildarinnar.**

Ársfundur retrieverdeildarinnar haldinn í Sólheimakoti 21. Mars 2007 beinir því til stjórnar deildarinnar að lagður verði að jöfnu árangur á sýningum og á veiðiprófum þegar fjallað er um pörunarbeiðnir. Lagður verði grunnur að því að got verði metin eftir því hvort að baki liggi árangur foreldra, þá annað hvort á sýningum eða veiðiprófum, eða í hvoru tveggja.

## **Greinargerð.**

Samkvæmt verklagi stjórnar varðandi pörunarbeiðnir, hefur verið gengið út frá því að undaneldisdýr séu sýnd í opnum flokki á hundasýningum á vegum HRFÍ og hafi að minnsta kosti náð annarri einkunn. Með tilkomu veiðiprófa og breyttum meistarareglum fyrir retireverhunda hafa retrievereigendur orðið æ meðvitaðri um gildi veiðiprófanna sem hluta af ræktunarmarkmiði retrieverhunda. Þannig hefur stjórn retrieverdeildarinnar borist þó nokkrar pörunarbeiðnir þar sem ræktendur hafa beinlínis óskað eftir því að ræktunarráð bendi sérstaklega á undaneldishunda sem hafa árangur á veiðiprófi. Því teljum við að stjórn geti ekki vikið sér undan því að verða við óskum félagsmanna og ræktenda sem vilja framfylgja stefnu deildarinnar í ræktunarmálum.